

2009630SA

Málalykill: 16.31

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 8. nóvember 2024. Samskipti fóru fram á fjarfundi.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björg Bjarnadóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Vilhjálmur Birgisson.

Frá sambandinu: Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi frá Verkalýðsfélagi Suðurlands til samstarfsnefndar vegna starfsmanns hjá sveitarfélagi

Erindi frá Verkalýðsfélagi Suðurlands vegna ágreinings um greiðslu fastra yfirvinnutíma til forstöðumanns hjá sveitarfélagi.

Að sögn verkalýðsfélagsins hefur sveitarfélagið ekki viljað semja um fasta greiðslu og sérstakra þóknun vegna þeirrar yfirvinnu sem forstöðumaðurinn þarf alla jafna að inna af hendi og verkalýðsfélagið telur að hreppnum beri að greiða í samræmi við ákvæði gr. 1.5.3 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þar sem segir að forstöðumenn stofnana eigi ekki rétt á yfirvinnugreiðslum skv. tímakaupi, en skylt er að ákveða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra, sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi. Slíka þóknun ákveður launagreiðandi með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund starfsmannafélagsins, sem í þessu tilviki er Verkalýðsfélag Suðurlands.

Sveitarfélagið hefur boðið 5 fasta yfirvinnutíma á mánuði sem verkalýðsfélagið telur ekki vera í samræmi við vinnuframlag forstöðumannsins. Sveitarfélagið telur fjölda tíma sem krafist er ekki í samræmi við umfang starfs og aðstæður, sbr. t.d. fjölda starfsmanna.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að vinna þurfi yfirvinnu samkvæmt fyrirkomulagi sem samþykkt er af yfirmanni. Einnig að skipuleggja eigi vinnu þannig almenn störf séu unnin á dagvinnutíma eins og kostur er.

Til viðbótar við ákvæði greinar 1.5.3 segir í fylgiskjali með ráðningasamningi forstöðumannsins í 3. kafla um vinnutíma 3ja tölulið segir: „Starfsmaður fær aðeins greidda yfirvinnu sem unnin er samkvæmt vinnutímafyrirkomulagi sem samþykkt er fyrirfram af yfirmanni“.

Niðurstaða:

Eftir að hafa yfirfarið gögn málsins er samstarfsnefndin sammála um að hér sé fyrst og fremst deilt um heimild forstöðumannsins til yfirvinnu. Í kjarasamningi kemur fram að launagreiðandi ákveði slíka þóknun með samkomulagi við starfsmann og vitund stéttarfélags. Í viðauka með ráðningasamningi eru þau skilyrði sett fyrir því að starfsmaður fái yfirvinnu greidda að hún sé fyrirfram samþykkt af yfirmanni.

Samstarfsnefndin beinir þeim tilmælum til sveitarfélagsins að skoða meðaltal yfirvinnu síðustu þrjú ár. Skoða hvernig þessum málum er háttað hjá forstöðumönnum í sambærilegum stofnunum hjá öðrum sveitarfélögum og byggja niðurstöðu um fjölda yfirtíma í samráði við starfsmanninn. Þess er óskað að þessari vinnu verði lokið innan fjögurra vikna.

2. Önnur mál

- a) Fulltrúar SNS fóru yfir drög að reikniskjali og leiðbeiningum vegna útreiknings starfshlutfalls í dreifðri vinnuskyldu. Verður rætt betur á næsta fundi samstarfsnefndar.
- b) Fyrirspurn frá AFLi vegna niðurfellingar á grein 3.1.6. Þarf að skoða betur, verður rætt á næsta fundi samstarfsnefndar.
- c) Rætt um hvernig telja skuli fjölda tíma í ársverki eftir breytingarnar 1. nóv, t.d. þegar verið er að finna hlutfall persónuuppbótar. Hjá tímavinnufólki er ársverk 1504 unnar stundir. Hjá öðrum er ársverk 1577,09 stundir ($7,2 \text{ klst} \times 21,67 \times 12 = 1872,29$. Fráðregnir rauðir dagar 79,2 klst og orlofsdagar 216 klst = 1577,09 klst.).

Fleira var ekki gert og fundi slitið.